

10.fundur ársins er boðaður í hreppsnefnd Árneshrepps þriðjudaginn, 30.september 2025. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu hreppsins og hefst kl. 14:00.

Mætt eru til fundar; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Róbert H. Ingólfsson Ánesi 2 sem varamaður og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins;

1. Skoðunarskýrsla frá Mast, yfirfarin og næstu skref ákveðin.
 2. Umsögn um matsáætlun Hvalárlínu1 og Miðdalslínu 1.
 3. Bréf frá Vegagerðinni, varðandi styrkvegi á Vestursvæði 2025. Fundur með Pálma Sævarssyni framundan.
 4. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, lagt fram til kynningar og umræðu.
 5. Bréf til HS-Orku varðandi umbætur í samgöngumálum, og viðbrögð frá þeim.
 6. Bréf frá Jóni Jónssyni lögfr. varðandi stöðu þjóðlendumála hvað varðar eyjar og sker.
 7. Staða á fjármálum Árneshrepps, umræða um stærstu pósta. Tölvupóstur frá Sparisjóði Strandamanna.
 8. Beiðnir um styrk frá Félagi fósturforeldra, Stígamótum og Kvennaathvarfi.
 9. Skógræktarfélag Íslands, samþykkt frá aðalfundi félagsins.
 10. Nokkur atriði varðandi eitt og annað, m.a. kostnað við ýmsar framkvæmdir.
-
1. Skoðunarskýrsla frá Mast, yfirfarin og næstu skref ákveðin. Halda þarf áfram vinnu við vegg, sparsla og mála, skipta um upphengi fyrir slöngur, flytja þarf frystikistur upp þegar búið er að losa herbergið sem sparisjóðurinn var með. Fjarlægja rekka á vegg og skoða þéttilista á hurðum.
 2. Umsögn um matsáætlun Hvalárlínu1 og Miðdalslínu 1. Umsögn um matsáætlun Hvalárlínu 1 og Miðdalslína 1, lagt fram til kynningar.
 3. Bréf frá Vegagerðinni, varðandi styrkvegi á Vestursvæði 2025. Fundur með Pálma Sævarssyni framundan. Stefnt er að því að nota heimamenn til að vinna fyrir styrkinn úr styrkvegasjóði. Oddviti mun ræða við verkstjóra Vegagerðarinnar á Hólmavík.
 4. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, lagt fram til kynningar og umræðu. Efni bréfsins rætt.
 5. Bréf til HS-Orku varðandi umbætur í samgöngumálum, og viðbrögð frá þeim. Miklar

umræður urðu um hvort hreppsnefnd ætti að berjast fyrir jarðgöngum eða halda áfram

352.

að leggja áherslu á veg yfir Naustvíkurskörð. Hreppsnefndarmenn eru þó sammála um ef ekkert gerist í samgöngumálum samfara virkjunarmálum sé fokið í flest skjól.

1. Bréf frá Jóni Jónssyni lögfr. varðandi stöðu þjóðlendumála hvað varðar eyjar og sker. Efnið lagt fram til kynningar og umræðu.
2. Staða á fjármálum Árneshrepps, umræða um stærstu pósta. Tölvupóstur frá Sparisjóði Strandamanna. Ákveðið var að leggja hluta af fjármunum sveitarfélagsins inn á reikninga sem bera betri ávöxtun. Kostnaður við sorphirðu var rædd mikið og hvað væri hægt að gera til að minnka hann.
3. Beiðnir um styrk frá Félagi fósturforeldra, Stígamótum og Kvennaathvarfi. Ákveðið var að styrkja Félag fósturforeldra kr. 25.000,- og kr. 50.000,- á hvort síðarnefndu félögin.
4. Skógræktarfélag Íslands, samþykkt frá aðalfundi félagsins. Nú þegar er byrjuð endurskoðun á Aðalskipulagi Árneshrepps og þessu máli verður komið á framfæri.
5. Nokkur atriði varðandi eitt og annað, m.a. kostnað við ýmsar framkvæmdir. Farið var yfir nokkur atriði sem þarf að fara í. Tala við Orkubú Vestfjarða varðandi rafhleðslustöð í Norðurfjörð og við Krossneslaug. Róbert H.I. tekur að sér að setja upp ljós við búðina og á fiskmóttökuna, og athuga með hvort eitthvað þarf að bæta úr á fleiri stöðum. Rætt var um samband á ljósleiðurum og hvað og hvar á eftir að tengja. Ákveðið var að stefna að því að halda námskeið fyrir þá sem vilja, á slökkvikerruna sem bíður flutnings fyrir sunnan. Ákveða þarf dag í samráði við seljanda kerrunnar sem mun koma með hana norður og halda um leið námskeið fyrir þá sem vilja taka þátt.

Fleira var ekki tekið fyrir og funda slitið kl. 16:00